



Fundargerð 5. stjórnarfundar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 23. apríl 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Baldvin Hansson (BH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Valdemar Johnsen (VJ).

AÓS ritaði fundargerð.

1. Skipun í Öryggisráð

Borist hafa fjórar umsóknir um að fá að starfa í Öryggisráði. Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason, Atli Jóhann Einarsson, Garðar Gunnarsson.

Stjórn samþykkir að skipa þessa fjóra aðila til setu í Öryggisráði og tilnefni Ara Halldór sem formann ráðsins. Aðilar eru skipaðir til eins árs. Starfsmanni falið að senda áður nefndum aðilum skipunarbréf.

2. Keppnisráð AKÍS

Flest keppnisráð eru full skipuð fyrir komandi tímabil. Starfsmanni falið að fylgja eftir því sem uppá vantar og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

3. FIA Conference 2024

AKÍS barst erindi frá FIA varðandi FIA conference 2024 sem að fram fer í Samarkand í Uzbekistan 11-13 júní n.k. Í tilefni af 120 ára afmæli FIA þá er lögð áhersla á að aðildarsambönd sendi fulltrúa til þátttöku og er kostnaður greiddur af FIA fyrir tvo fulltrúa. Formaður leggur til að rætt verði hvort AKÍS skuli senda 1-2 fulltrúa fyrir hönd sambandsins.

Stjórn samþykkir að formaður og Ari Halldór sækji FIA conference 2024.

4. Erindi vegna umferðaráðs

Erindi barst frá nýkjörnum formanni Akstursíþróttafélags Suðurnesja þar sem hann óskaði eftir að fá að sitja fyrir hönd AKÍS í Umferðarfagráði.



Stjórn samþykkir að Guðbergur Reynisson muni sitja fyrir hönd sambandsins í Umferðarfagraði.

5. Valnefnd

Starfsmanni falið að hafa samband við þá aðila sem haft gætu áhuga á að sitja í valnefnd auk þess að senda erindi á aðildarfélög og óska eftir tilnefningum frá þeim og leggja nafnalista fyrir næsta stjórnarfund þar sem valið verður í nefndina.

6. Formenn dómnefnda 2024

Starfsmaður hefur verið að manna formannsstöður dómnefnda fyrir keppnistímabil 2024. Starfsmaður óskar eftir samþykki stjórnar á vali formanna dómnefnda svo að hægt sé að senda aðildarfélögum tölvupóst um hver mun sinna formennsku dómnefnda hverju sinni.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi nöfn og felur starfsmanni að vinna málið áfram.

7. Öryggisbúr - Erindi frá Ara

- Breytingar á öryggisbúrum - sem sagt hvað á að gera þegar keppendur eru búnir að fá öryggisbúráúttekt og fara svo að breyta búrinu. Hvaða verkferlar eiga að vera til staðar þegar svoleiðis er gert.
- Gjaldtaka vegna skoðunar

Starfsmanni falið að athuga hvort skráningarkerfið bjóði upp á að skemmdir á búrum geti verið skráðar á tæki og upp komi melding ef ekki hefur verið gerð endurúttekt á búrinu.

Starfsmanni og BH falið að skoða kostnað á bakvið búráúttektir og hvernig Akís geti komið til móts við útlagðan kostnað úttektaraðila.

8. Önnur mál

- **Breyting á keppnisdagatali** - Torfæruklúbburinn óskar breytingu á keppnisdagatali 2024 þann 20 júlí. Óskað er eftir að halda dagsetningu enn staðsetning verði Blönduós en ekki á Suðurlandi.

Stjórn samþykkir ósk Torfæruklúbbsins og felur starfsmanni að uppfæra keppnisdagatal ársins 2024.

- **Félagaskipti** - stjórn hefur ákveðið að keppendur þurfi ekki að velja félag í upphafi keppnistímabils nema þeir sérstaklega vilji það, þeir geta þó ekki skipt um félag eftir að hafa skráð sig í fyrstu keppni.

Til kynningar:



Mótakerfi AKÍ - Búið er að setja læsingu á lok skráningarfrests í keppnir hjá keppnishöldurum og er hann eigi síðar en til kl 17:00.

Næsti fundur verður 7.maí kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:49